

FUNDARGERÐ

546. fundur sveitarstjórnar Mýrdalshrepps var haldinn fimmtudaginn 28. apríl 2016 kl. 15:00 á skrifstofu hreppsins, Austurvegi 17 í Vík.

Fundinn sátu undirritaðir aðal- og varamenn. Sveitarstjóri ritaði fundargerðina á tölvu.

Oddviti setti fundinn og stjórnaði honum og óskaði eftir að eftirtöldum atriðum yrði bætt á dagskrána:

- Fundargerð 32. fundar félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur- Skaftafellssýslu frá 24. apríl 2016, verður liður IV – 6 á dagskránni.
- Fundargerð 19. fundar stjórnar Félag- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur- Skaftafellssýslu frá 26. apríl 2016, verður liður IV – 7 á dagskránni.
- Umsókn um lóðina Bakkabraut 18 frá Gísla Daníel Reynissyni, verður liður II – 19 á dagskránni
- Umsókn um stöðuleyfi fyrir handverksverslun frá Gísla Daníel Reynissyni, Verður liður II – 20 á dagskránni.
- Yfirdráttarheimild fyrir Hjallatún, verður liður III – 5 á dagskránni.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir verkefnum síðustu vikna

Gerðir fundarins

I. Fundargerðir til staðfestingar.

1. Fundargerð 222. fundar fræðslunefndar Mýrdalshrepps frá 12. apríl 2016

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

2. Fundargerð 238. fundar skipulagsnefndar frá 26. apríl 2016

1. Reynisfjara – Deiliskipulagstillaga

Lögð var fyrir nefndina tillaga að breyttu deiliskipulagi fyrir Reynisfjöru í breytingunni felst að skilgreind eru fleiri bílastæði innan skipulagsmarka núverandi deiliskipulags
Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

2. Drífa ehf. – Umsókn um byggingaleyfi Austurvegur 20 – 22

Drífa ehf. sækir um byggingarleyfi fyrir stækkun á núverandi húsnæði sínu við Austurveg 20 og uppbyggingu nýs verslunarkjarna á lóð Austurvegar 22 samkvæmt meðfylgjandi uppdráttum.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

3. Vellir – Stofnun lóðar

Sigurbjörg Gyða Tracey og Einar Einarsson sækja um leyfi til stofnunar lóðar úr upprunalandi Valla samkv. meðfylgjandi uppdrætti.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

4. Sunnubraut 15 – Breytt notkun húsnæðis

Vigfús Páll Auðbertsson sækir um leyfi fyrir breyttri notkun á hluta húss að Sunnubraut 15. Í breytingunum felst að innréttað verði bakarí og kaffihús í hluta hússins samkv. teikningu. Að auki er um að ræða breytt útlit glugga auk þess sem heimild yrði veitt til að byggja skyggni á norðurhlíð hússins.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

5. Kjarval – Beiðni um stöðuleyfi

Guðjón Gestsson svæðisstjóri Kjarvals á Suðurlandi óskar eftir bráðabrigðaheilmild frá og með 15. maí til 1. október til að setja upp tvo gáma fyrir aftan verslunina í Vík til að hafa aðstöðu fyrir sumarstarfsfólk. Þessir gámar eru hugsaðir þannig að annar sé með gistingu og hinn fyrir wc. og sturtuaðstöðu. Lögð er fram beiðni sem barst í tölvupósti. Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

6. Sólheimajökulsmelar – Tillaga að deiliskipulagsbreytingu Elín Einarasdóttir vísar af fundi undir þessum lið.

Lögð er fram tillaga að breyttu deiliskipulagi við Sólheimajökul. Viðkomandi tillaga er unnin af Verkís fyrir landeigendur. Óskað er eftir því að hálfu Verkís að málið hljóti meðferð samkv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga og að um óverulega breytingu sé að ræða. Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar. EE mætir aftur til fundarins.

7. Mánabraut 8 – Breyting á bílskúr

Jóhannes Kristjánsson sækir um leyfi fyrir breytingum á innra skipulagi bílskúrs við Mánabraut 8. Bílskúr er breytt í íbúð. Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

II. Innsend erindi til afgreiðslu.

1. Erindi frá Sambandi sveitarfélaga til umræðu í sveitarstjórnnum, heilbrigðisnefndum og stjórnnum landshlutasamtaka um heilbrigðiseftirlit.

Lagt fram til upplýsinga.

2. Umsókn um lóðina Bakkabraut 18 frá Bjarna Sigurðssyni Þráinn Sigurðsson vísar af fundi undir þessum lið.

Sveitarstjórn samþykkir að úthluta Bjarna Sigurðssyni lóðinni. Sveitarstjórn stefnir að því að settir verði skýrir skilmálar í deiliskipulag svæðisins um að óheimilt verði að nýta íbúðahús á svæðinu undir ferðaþjónustu. ÞS mætir aftur til fundarins.

3. Umsókn um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II frá Erlu Bil Bjarnadóttur

3a. Tölvupóstur frá Erlu Bil Bjarnadóttur varðandi umsókn

3b. Bréf frá landeiganda Reynisholts 2-3 vegna umsóknar Erlu Bil Bjarnadóttur um rekstrarleyfi í flokki II

Með vísan til þeirrar umræðu sem verið hefur að undanförunu um að nágrannar hafi talsvert um það að segja að komið sé upp atvinnurekstri í húsnaði sem byggt hefur verið í öðrum tilgangi og að teknu tilliti til mótmæla eiganda Reynisholts 2 – 3, hafnar sveitarstjórn framkominni beiðni.

4. Fundarboð á aðalfund Eignarhaldsfélags Suðurlands 28. apríl 2016

Lagt fram til kynningar.

5. Bréf frá Ríkiseignum dags. 6. apríl 2016 - Matsskýrsla Fellsmörk

Sveitarstjóri upplýsti að matið á húsinu hefur verið lækkað nokkuð frá upphaflegu mati Ríkiskaupa. Niðurstaða matsins hefur verið kynnt Skógræktarfélagi Reykjavíkur. Málið er þar til skoðunar.

6. Synjun um styrk úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða frá 5. apríl 2016

6a. Óskað eftir rökstuðningi frá Framkvæmdasjóði ferðamannastað

Sveitarstjóri lagði fram til kynningar greinargerð þar sem óskað er eftir rökstuðningi sjóðsins við höfnun á umsókn Mýrdalshrepps um styrk til hönnunar og undirbúnings uppbyggingar á ferðamannastöðum í sveitarfélaginu.

- 7. Styrkur til framkvæmda á Háey Dyrhólaeyjar bréf dags. 31. mars 2016**
- 7a. Umsóknin sem samþykkt var vegna framkvæmda á Háey Dyrhólaeyjar**
Sveitarstjóri gerði grein fyrir stöðu málsins. Sveitarstjórn fagnar því að fé fékkst til framkvæmda á Dyrhólaey og felur sveitarstjóra að vinna áfram að málinu í samstarfi við Umhverfisstofnun og sameigendur sveitarfélagsins að Dyrhólaey.
- 8. Erindi frá Þorsteini Baldurssyni varðandi fornbíla í Vík.**
Sveitarstjórn getur því miður ekki orðið við erindinu.
- 9. Bréf frá forstjóra HSU vegna vaxandi umfang sjúkraflutninga á Suðurlandi**
- 9a. Stöðuskýrsla sjúkraflutningar í heilbrigðisumdæmi Suðurlands - HSU 2015**
Lagt fram til kynningar.
- 10. Styrktarsjóður EBÍ - tilkynning um umsóknarfrest**
Lagt fram til upplýsinga.
- 11. Boð frá KPMG um þátttöku í samstarfsverkefni um skráningu fjárhagslegra hagsmuna sveitarstjórnarmanna**
Sveitarstjórn samþykkir að taka þátt í verkefninu.
- 12. Arðgreiðsla Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.**
Lagt fram til upplýsinga.
- 13. Við tölum saman**
Sveitarstjóri gerði grein fyrir því að Kolbrún Hjörleifsdóttir og Svavar Guðmundsson hefðu mætt á skrifstofu sveitarfélagsins og kynnt verkefnið „Við tölum saman“. Sveitarstjórn hafnar því að taka þátt í þessu verkefni.
- 14. Viljayfirlýsing varðandi utankjörfundaratkvæðagreiðslu við forsetakosningar**
Sveitarstjórn Mýrdalshrepps telur eðlilegt þar sem hér er afgreiðsla sýslumanns Suðurlands að starfsmönnum sýslumanns sé falið að sjá um utankjörfundaratkvæðagreiðslu í sveitarfélaginu.
- 15. Erindi frá Sigurði Sigursveinssyni um hugsanlega sameiningu sveitarfélaga**
Sveitarstjórn Mýrdalshrepps þakkar Sigurði Sigursveinssyni fyrir að vekja máls á sameiningu sveitarfélaga. Með vísan í framangreint erindi samþykkir sveitarstjórn Mýrdalshrepps að fela sveitarstjóra að kanna hug nágrannasveitarfélagana til þessa erindis.
- 16. Bréf frá Ríkiseignum og kaupsamningur vegna Ketilstaða 1**
Ríkiseignir hafa sent til sveitarstjórnar kaupsamning vegna Ketilstaða 1. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að ganga frá kaupunum og veitir honum jafnframt fullt umboð til að ganga frá sölu jarðarinnar til Þórhildar Jónsdóttur bónda á Ketilstöðum.
- 17. Krossarabrot tillaga frá M- lista**
Meirihluti sveitarstjórnar tekur undir það sem fram kemur í greinargerð með tillögunni að mikilvægt sé að styðja við tólmstundaiðju íbúa. Sveitarstjórn lýsir fullum vilja til að vinna að því með þeim sem stunda mótórhjólaiþróttir að finna ásættanlega lausn á æfingasvæði, en bendir á að ýmsar leiðir voru kannaðar í því sambandi á árinu 2011 og 2012 og niðurstaða þeirra kannana var sú að ekki væri til í landi sveitarfélagsins ásættanleg staðsetning fyrir slíka starfsemi.
- 18. Skotsvæði - tillaga frá M- lista**
Meirihluti sveitarstjórnar tekur undir það sem fram kemur í greinargerð með tillögunni að æskilegt væri að hafa aðstöðu til skotæfinga í sveitarfélaginu. Það er mat meirihluta

sveitarstjórnar að ekki sé unnt að koma upp aðstöðu fyrir alhliða skotæfingar í landi sveitarfélagsins.

19. Umsókn um stöðuleyfi fyrir handverksverslun við þýska minnisvarðann frá Gísla Daníel Reynissyni.

Práinn Sigurðsson víkur af fundi undir þessum og næsta lið.

Sveitarstjórn hafnar framkominni beiðni og vísar í afgreiðslu skipulagsnefndar á sama erindi í sem afgreitt var 12. febrúar 2016.

20. Umsókn um lóðina Bakkabraut 18 frá Gísla Daníel Reynissyni.

Ekki er unnt að verða við erindinu þar sem lóðin hefur þegar verið leigð öðrum. ÞS mætir aftur til fundarins.

III. Málefni til umfjöllunar/ afgreiðslu

1. Undirritaður kaupsamningur vegna Sunnubrautar 12

Sveitarstjóri gerði grein fyrir kaupunum og mun sækja um lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga til að fjármagna kaupin.

2. Minnisblað eftir fund með Eygló Harðardóttur o.fl. frá 19. apríl 2016

2a. Fleiri íbúðir - fleiri leiguíbúðir

Sveitarstjóri lagði fram minnisblað um skort á leiguhúsnæði í sveitarfélaginu og hugmynd að leiðum til úrbóta. Sveitarstjórn samþykkir að boða til fundar með öllum stærstu atvinnurekendum í sveitarfélaginu þar sem reynt verður að skrá niður ætlaða þörf fyrir leiguíbúðir á næstu misserum og leiðir til úrbóta.

3. Ársreikningur Mýrdalshrepps 2015 síðari umræða

Ársreikningur Mýrdalshrepps fyrir árið 2015 var til fyrri umræðu á fundi sveitarstjórnar sem haldinn var 17. mars s.l.

Heildartekjur A- og B- hluta voru 505,7 milljónir og rekstrargjöld með afskriftum voru samtals 446,6 milljónir, fjármagnsliðir voru neikvæðir um 14,4 milljónir og því rekstrarniðurstaða samstæðunnar því jákvæð um 44,5 milljónir.

Rekstrartekjur A- hluta voru 465,2 milljónir og rekstrargjöld með afskriftum 440,9 milljónir, fjármagnsgjöld neikvæð um 5,8 milljónir og rekstrarniðurstaða því jákvæð um 18,6 milljónir.

Heildareignir samstæðunnar eru 790,1 milljónir og skuldir 404,4 milljónir og eigið fé því 385,7 milljónir.

Sveitarstjórn staðfestir ársreikninginn með undirritun sinni.

4. Mýrdalshreppur jafnréttisáætlun uppfærð

Fram var lögð uppfærð jafnréttisáætlun sveitarfélagsins. Sveitarstjórn Mýrdalshrepps samþykkir áætlunina.

5. Yfirdráttarheimild fyrir Hjallatún.

Sveitarstjórn undirritaði beiðni til Arionbanka um yfirdráttarheimild til handa Hjallatúni að upphæð kr. 10.000.000

IV. Fundargerðir til kynningar.

1. Fundargerð 506. fundar stjórnar SASS frá 4. mars 2016

Lagt fram til kynningar

2. **Fundargerð 32. fundar félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur- Skaftafellssýslu frá 21. mars 2016**
Lagt fram til kynningar
3. **Fundargerð 507. fundar stjórnar SASS frá 1. apríl 2016**
Lagt fram til kynningar
4. **Fundargerð 26. fundar stjórnar Kötlum - Jarðvangs frá 11. apríl 2016**
Lagt fram til kynningar
5. **Fundargerð 18. fundar stjórnar þjónustusvæðis um málefni fatlaðs fólks á Suðurlandi frá 4. apríl 2016**
Lagt fram til kynningar
6. **Fundargerð 32. fundar Félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur- Skaftafellssýslu frá 24. apríl 2016**
Lagt fram til kynningar
7. **Fundargerð 19. fundar stjórnar Félags- og skólþjónustu Rangárvalla- og Vestur- Skaftafellssýslu frá 26. apríl 2016**
Lagt fram til kynningar

V. Kynningarefni.

1. **Bréf frá Samtökum ferðaþjónustunnar**
Lagt fram til kynningar
2. **Fundur í Umhverfisstofnun um framkvæmdir í Dyrhólaey frá 14. apríl 2016**
Lagt fram til kynningar
3. **Greinargerð um kostnaðarútreikning fyrir rekstur hjúkrunarheimilis í þremur stæðum**
Lagt fram til kynningar

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17.50

Elín Einarsdóttir oddviti

Ingi Már Björnsson

Þráinn Sigurðsson

E. Tryggvi Ástþórsson

Pálmi Kristjánsson